

Haraldur Ólafsson¹, Clement Ubelmann² og Guðmundur Hafsteinsson³

1) Háskóli Íslands, Veðurstofa Íslands og Reiknistofa í veðurfræði

2) Institut National Polytechnique de Toulouse, INP ENSEEIHT, Frakklandi

3) Veðurstofa Íslands

Ísing í skilum

Tilvik þar sem flugvél lenti í mikilli ísingu í um 5 km hæð yfir norðanverðum Breiðafirði er kannað. Í ljós kemur að samspil samskila og áhrifa landslags veldur því að mikið undirkælt vatn safnast fyrir á fremur afmörkuðu svæði, einmitt þar sem flugvélin flaug. Vel gengur að herma ísingaraðstæðurnar með 3 km reiknimöskvum og gefur það til kynna að unnt sé að spá ísingarveðrum af því tagi sem hér um ræðir.